



Fundargerð

366. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps, aukafundur, föstudaginn 6. júní 2014 kl. 13.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Mariútröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ÁSK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJÓ) og Sveinn Ragnarsson (SR). Eiríkur Kristjánsson (EK) boðaði forföll. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð. Jóhann Þórðarson endurskoðandi sveitarfélagsins frá Endurskoðunarstofunni Áliti var í síma undir 1. lið á dagskrá undir liðnum mál til afgreiðslu.

Fundargerð rituð í tölvu og er tvær blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomio, setti fundinn og var spurt eftir öðrum málum á dagskrá, ekkert málefni barst. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. Skipulags- og bygginganefnd 6. júní 2014.

Fundargerðin framlögð

1. 1401013 Ársreikningur sveitarfélagsins 2013, Hafnarsjóður og Leiguíbúðir, nefndin leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki ársreikninga Hafnarsjóðs og Leiguíbúða. Sveitarstjórn samþykkir ársreikninga Hafnarsjóðs og Leiguíbúða samhljóða.

2. Stjórn Barmahlíðar 6. júní 2014.

Fundargerðin framlögð

1. 1401013 Ársreikningur sveitarfélagsins 2013, Barmahlíð, nefndin leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki ársreikning Barmahlíðar, hjúkrunar- og dvalarheimilis. Sveitarstjórn samþykkir ársreikning Barmahlíðar samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 1401013 – Ársreikningur sveitarfélagsins 2013, síðari umræða.

Jóhann Þórðarson endurskoðandi fór yfir ársreikninginn með sveitarstjórn. Þá fór hann yfir endurskoðunarskýrslu ársins 2013. Jóhanni er þökkud greinargóð yfirferð með sveitarstjórn.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir ársreikning sveitarfélagsins samhljóða með áritun sinni, einnig áritar sveitarstjórn sérstaklega ársreikning Reykhólaveitu.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

Andrea oddviti þakkaði fráfarandi sveitarstjórnarmönnum og sveitarstjóra fyrir gott samstarf á liðnu kjörtímabili. Gústaf Jökull þakkaði jafnframt ánægulegt og gott samstarf, sem og Ásta Sjöfn, Sveinn og sveitarstjóri.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 14.40.

Sveitarstjórn samþykkir að lögboðinn fundur þann 13. júní falli niður.

_____	_____
_____	_____
_____	_____